



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 7. september 2020

R19110011

6200

Borgarráð

Niðurstöður fyrsta fasa í alþjóðlegu samkeppninni Reinventing Cities 2019

Matsnefnd um innsendar tillögur í alþjóðlegu samkeppninni Reinventing Cities hefur farið yfir umsóknir í fyrsta fasa verkefnisins í samráði fulltrúa Re-inventing cities í London og París.

Að þessari yfirferð lokinni hefur starfshópur borgarinnar ásamt fulltrúum Re-inventing cities boðið fimm teyimum að halda áfram í annan fasa verkefnisins:

Gufunes

Hringhreyfing
Þorpið Vistfélag
EYJAKLASI

Sævarhöfði

Bryggjuhverfi Vestur- The circular District
Smart Food Campus

Áframhaldandi vinna er í höndum teymanna en skil á fasa tvö eru í febrúar 2021.

Greinagerð:

Á fundi borgarráðs þann 21. nóvember 2019 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg taki þátt í öðrum áfanga verkefnisins Re-Inventing Cities á vegum samtakanna C40 og leggi fram tvær lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála.

Umræddar lóðir eru við Gufuneshöfn og Sævarhöfða. Í kjölfarið var haldin kynningarfundur um verkefnið í fyrri hluta mars og viðkomandi þróunarlóðir auglýstar á heimasíðu verkefnisins.

C40 eru samtök yfir 90 stórborga sem vinna saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í þessum borgum búa yfir 650 milljónir manns og þær standa fyrir fjórðung alls fjármagns heims.

Um er að ræða tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófari hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitnum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Reglur samkeppninnar eru að stóru leyti tilkomnar frá C40 en heimaborgir hafa innan þeirra ákveðinn sveigjanleika til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað.

Umsóknarfrestur rann út þann 18. maí og bárust sjö umsóknir um reitina tvo.

Eftir að fara yfir umsóknir var ákveðið að bjóða þremur teyllum að halda áfram við Gufunes og tveimur teyllum við Sævarhöfða.

Gufunes

Hringhreyfing

Teymisstjóri: Verkís ehf.

Arkitektar: StudioDA_DO, Gláma Kím Arkitektar

Umhverfissráðgjafi: Max Fordham LLP

Þorpið Vistfélag

Teymisstjóri: Þorpið Vistfélag

Arkitektar: Yrki Architects

Umhverfissráðgjafi: Environice

EYJAKLASI

Teymisstjóri: UNBRA

Arkitektar: UNBRA. Mareld landskapsarkitektar

Umhverfissráðgjafi: EFLA consulting engineers

Sævarhöfði

Bryggjuhverfi Vestur- The circular District

Teymisstjóri: VSÓ Ráðgjöf ehf.

Arkitektar: Reiulf Ramstad Arkitekter AS

Umhverfissráðgjafi: VSÓ Ráðgjöf ehf, GXN Copenhagen

Smart Food Campus

Teymisstjóri: Krónan / Festi hf.

Arkitektar: Handan DD

Umhverfissráðgjafi: Verkís ehf.

Í öðrum fasa vinna teymin tillögu að skipulagi og útliti bygginga á reitnum ásamt tillögu að kaupverði. Einnig leggja þau fram gögn sem staðfesta getu aðilans til þess að fjármagna verkefnið.

Starfshópur Reykjavíkurborgar fór yfir umsóknirnar í samráði við fulltrúa Re-inventing cities.

Starfshópurinn skipa:

Guðlaug Erna Jónsdóttir (fulltrúi Skipulagsfulltrúa)

Óli Örn Eiríksson (Skrifstofa Borgarstjóra og Borgarritara)

Rebekka Guðmundsdóttir (Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar)

Þeim til ráðgjafar við mat á tillögum voru Edda Ívarsdóttir frá Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og Ingvar Jón Bates Gíslason hjá Skipulagsfulltrúa.

Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið úthlutaðri viðkomandi lóð til uppbyggingar.

Virðingarfyllt

Þorsteinn Gunnarsson